



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 22. mars 2021
Tilvísun: M21030211 / 00.08.00 Almennt

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegs. Þingskjal 280-259. mál.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 2. mars sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegs.


Ferðamálastofa tekur undir að þingsályktunartillögunni sé ætlað að stuðla að því að uppbyggingu þessa mikilvæga samgöngumannvirkis verði komið í kring eins fljótt og unnt er.

Ferðamálastofa telur mjög jákvætt að ráðist verði í uppbyggingu á vegum landsins og að farið verði í hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar sem heilsársvegar en viðhaldi og endurbótum vegarins hefur ekki verið sinnt á undanförunum árum og áratugum.

Umferð um þjóðvegi landsins hefur aukist með mikilli fjölgun ferðamanna. Því er mikilvægt að samgöngumál þróist í takt við fjölgun ferðamanna. Góðar samgöngur hjálpa til að byggja grunn undir ferðaþjónustu og vegna aukins fjölda ferðamanna er brýnt að vegir séu greiðir og áhersla sé á öryggi ferðamanna. Afar mikilvægt er að þróun samgangna miðist við þarfir og breytingar í ferðamennsku og ferðaþjónustu á komandi árum.

Uppbygging Skógarstrandarvegar veitir aukna möguleika á þróun, nýsköpun og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu en svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sökum náttúrufegurðar, sögu og menningarhefða. Góðar, greiðar og öruggar samgöngur eru grundvöllur að búsetu, atvinnulífi og samskiptum og eru líklegri til að stuðla að; jákvæðari upplifun ferðamanna og heimamanna, aukinni dreifingu ferðamanna, fjölgun og fjölbreyttari atvinnumöguleikum og því að hindra íbúaflotta af svæðinu.

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu


Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs